

# ÓTTAR YNGVASON

H/ESTARÉTTARLÖGMAÐUR  
SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 892 1529 & 588 7690  
Netfang: [ottar@iec.is](mailto:ottar@iec.is)

Umhverfisstofnun,  
Suðurlandsbraut 24,  
108 Reykjavík.  
Sent á netfang:  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

17. september 2018.

**Efni:** Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir 1.000 tonna seiðaeldi Arctic Smolt hf. að Norður-Botni, Tálknafirði með laxa- og regnbogasilungsseiðum.

Fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lifi, Akurholts ehf. og Geiteyrar ehf., veiðiréttareigenda í Haffjarðará í Hnappadal, Ara P. Wendel, eiganda veiðiréttinda í Fífustaðadal í Arnarfirði, Víðis Hólm Guðbjartssonar, eiganda veiðiréttinda í Bakkadal í Arnarfirði, Atla Árdal Ólafssonar, eiganda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í innanverðu Ísafjarðardjúpi, Varplands ehf., eiganda hluta veiðiréttar í Langadalsá og Hvannadalsá í innanverðu Ísafjarðardjúpi og veiðifélags Laxár á Ásum er ofangreindri tillögu að starfsleyfi alfarið mótmælt.

Aðilar þessara athugasemda eiga mikilla hagsmuna að gæta, að ekki sé stefnt í hættu lífríki hinna ýmsu veiðiáa sem að ofan greinir og hinum villtu lax- og silungastofnum vatnakerfanna m.a. með lúsafári, sjúkdómasmiti og erfðamengun frá framandi regnbogasilungsstofni og laxastofni, sem fáir mótmæla að muni sleppa eða „leka“ í meira eða minna mæli úr fyrirhuguðu stórauðni seiðaeldi í Norður-Botni í Tálknafirði. Víst er að eldisfiskurinn mun dreifa sér í veiðiár á Vestfjörðum, við Breiðafjörð, Húnaflóa og jafnvel víðar um land og setja í hættu laxa- og silungastofna með sama hætti víðs vegar um landið, svo að ekki sé minnst á stórfellda saur- og fódurleifamengun í nágrenni eldisstöðvarinnar.

**Gerð er krafa um** að hafnað verði framlagðri tillögu að starfsleyfi og útgáfu starfsleyfis á grundvelli framlagðrar tillögu fyrir allt að 1.000 tonna seiðaeldi Arctic Smolt hf. með regnbogasilungi og laxi.

## Málsatvik

Í umsögn sinni hinn 3. nóvember 2016 taldi Umhverfisstofnun um allt að 1.000 tonna seiðaaeldi Arctic Smolt hf. í Norður-Botni í Tálknafirði, að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Skipulagsstofnun endurtók þetta orðalag í ákvörðun sinni um matsskyldu 9. desember 2016, að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Dýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun gaf einnig þá umsögn, að ekki væri þörf á að framkvæmdin færi í umhverfismat um þá þætti sem snúa að sjúkdómum, þar sem strandeldið muni ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu

fiskistofna sem fyrir eru í nálægu vistkerfi. Þar sem síðar kom í ljós, að sá aðili hafði stundað privatsölu á bólu efni til fiskeldisfyrirtækja, er umsögn hans í nafni Matvælastofnunar ekki marktæk.

Ekkert er fjallað um fyrirhugaða notkun eldisins á framandi regnbogasilungi og kynbættum norskum laxastofni í umsögnum og álitsgerðum neinna þessara stofnana. Ekkert er heldur minnst á notkun framandi eldisstofna í nefndri tillögu að starfsleyfi frá 17. ágúst 2018.

Grundvöllur kröfu um að hafnað verði útgáfu starfsleyfis á grundvelli framlagðar tillögu eru m.a. eftirfarandi athugasemdir við tillögu að starfsleyfi og undirbúningsvinnu leyfisveitanda:

1. Í 7. tl. tillögunnar að starfsleyfi segir, að starfsleyfinu fylgi greinargerð. Engin greinargerð leyfisveitanda með tillögunni er finnanleg.

2. Hluti af umhverfismatsferli og rökstudd afstaða.

Ljóst er, að Umhverfisstofnun hefur ekki gert sér grein fyrir því, að meðferð stofnunarinnar á leyfisumsókn Arctic Smolt hf. sé hluti af umhverfismatsferli og meðferð umsóknarinnar skuli fara fram samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eins og þau verða skýrð með hliðsjón af tilskipun 2011/92/ESB, eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 2014/52/ESB, sbr. g) lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, sem er hluti af EES-samningnum.

Við undirbúning starfsleyfis ber Umhverfisstofnun m.a. að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Leyfisveitanda ber að kanna og rökstyðja álit sitt á því, hvort fullnægjandi rannsókn og greining liggur fyrir í málinu, sbr. 1. mgr. 22. gr. stjórnsýslulaga og sérstaklega um mat á umhverfisáhrifum sbr. dóm dómstóls Evrópusambandsins í máli C-50/09 Framkvæmdastjórnin gegn Írlandi, 40. mgr. sbr. 38. mgr.

3. Umtalsverð umhverfisáhrif.

Umrædd framkvæmd með 1.000 tonna seiðaeldisstöð í Norður-Botni í Tálknafirði með meira en 10 milljónir laxa- eða regnbogasilungsseiða, sem telst falla undir B flokk í tölulið 1.11 í 1. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, hefur í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar framkvæmdar, sbr. 1. viðauka við sömu lög og viðmiðanir við mat á framkvæmdum í B flokki, sbr. 2. viðauka við sömu lög. Slík umtalsverð umhverfisáhrif valda ógildingu starfsleyfisins, ef út verður gefið, hafi ekki farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar 4. nóvember 2016 segir m.a.:

„Telja verður að hætta á umhverfisáhrifum stafi af þeirri framkvæmd sem hér er áformuð og því mikilvægt að um hana sé fjallað á hlutlægan og ábyrgan hátt. Á það m.a. við um mat á áhættu, áhrifum, skilyrðum til starfsemi, búnaðar og vöktun.

Rétt er að vekja athygli Skipulagsstofnunar á því að með gildistöku laga nr. 60/2013 sem tóku gildi 15. nóvember 2015 komu ný viðmið varðandi skilgreiningar sem geta haft áhrif á þá starfsemi sem hér er fjallað um:

### Í 5. gr. lið 8 segir:

*Framandi lífverur: Tegund eða lægri flokkunareining, svo sem afbrigði, kyn eða stofn, þ.m.t. líflutar, kynfrumur, fræ, egg eða dreifingarform sem geta lifað af og fjölgað sér, sem menn hafa flutt vísvitandi eða óvitandi út fyrir sitt náttúrulega forna eða núverandi útbreiðslusvæði...*

### Í 63. gr. sömu laga segir:

**63. gr.** Innflutningur lifandi framandi lífvera.

*Óheimilt er að flytja inn og dreifa lifandi framandi lífverum nema með leyfi Umhverfisstofnunar.*

*Þetta gildir þó ekki um búfé eða framandi plöntutegundir sem hafa verið notaðar til garðyrkju, túnræktar, jarðræktar, landgræðslu og skógræktar nema innflutningur sé bannaður samkvæmt reglugerð, sbr. 5. mgr.*

*Með umsókn um leyfi skv. 1. mgr. skal fylgja áhættumat sem umsækjandi hefur aflað og skal þar m.a. koma fram mat á hættu á því hvort viðkomandi lífverur séu ágengar og þeim áhrifum sem það kann að hafa á líffræðilega fjölbreytni. Ef lífveurnar eru fluttar til landsins í því augnamiði að dreifa þeim skal umsóknin taka bæði til innflutningsins og dreifingarinnar og skal þá einnig fylgja greinargerð um þau áhrif sem gera má ráð fyrir að dreifingin hafi á lífríkið.*

*Umhverfisstofnun skal leita umsagnar sérfræðinganevndar skv. 4. mgr. um umsóknir um leyfi skv. 1. mgr. Óheimilt er að veita leyfi ef ástæða er til að ætla að innflutningurinn [eða dreifingin] ógni eða hafi veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Umhverfisstofnun getur bundið leyfi skilyrðum sem draga úr hættu á því að innflutningurinn [eða dreifingin] hafi áhrif á lífríkið.*

*Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sex manna nefnd sérfræðinga sem skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um innflutning og ræktun framandi tegunda og dreifingu lifandi lífvera.*

*[Náttúrufræðistofnun Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnun tilnefna einn fulltrúa hver og [Skógræktin] og Landgræðsla ríkisins tilnefna sameiginlega einn fulltrúa. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.*

*Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um innflutning [og dreifingu] framandi tegunda, þar á meðal um áhættumat og um þau sjónarmið sem leggja skal til grundvallar við mat á því hvort leyfi skv. 1. mgr. skuli veitt, svo og um störf sérfræðinganevndar skv. 4. mgr. Ráðherra getur að fengnum tillögum sérfræðinganevndarinnar ákveðið í reglugerð að banna innflutning [og dreifingu] tiltekinn framandi tegunda og skal hann birta þar skrá yfir þær. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að vissar tegundir megi flytja inn án leyfis skv. 1. mgr. og skal hann einnig birta skrá yfir þær.*

*L. 109/2015, 29. gr. L. 60/2016, 19. gr. L. 113/2015, 12. gr.*

### Í 9. gr. er fjallað um varúðarreglu en þar segir:

*Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga þessara, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hættu er á alverlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.*

Loks segir Hafrannsóknastofnun:

„Í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga telur Hafrannsóknastofnun ástæðu til að ofangreind atriði verði reifuð og betur gerð grein fyrir framkvæmdinni.“ Þetta er ógert enn.

### 4. Rannsóknnum ábótavant.

Ljóst er að sjálfstæðum rannsóknnum Umhverfisstofnunar er mjög ábótavant sem og ítarlegri rökstuddri niðurstöðu um fyrirhugaða framkvæmd. Varðandi rannsóknar- og rökstuðningskyldu Umhverfisstofnunar vísast sérstaklega til b-liðar 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2011/92/ESB. Meðferð málsins hjá Umhverfisstofnun er nánast engin sbr. 1. tl. að ofan um vöntun greinargerðar stofnunarinnar.

Vísast hér enn fremur til 6. gr. í reglugerð nr. 550/2018, sem mælir fyrir um rannsóknir og rökstutt álit og forsendur starfsleyfisútgefanda, sjá einkum 10. og 11. mgr. Sjá einnig III. og IV. viðauka við sömu reglugerð.

Þá er bent á, að ekkert er minnst á viðvarandi og grasserandi sjúkdómavandamál í stöðinni, sem hlýtur að stórmagnast, ef af fimmföldun seiðamagnsins verður.

#### 5. Fjarlægð frá veiðiám.

Enda þótt hér sé á ferðinni strandeldi með einhvers konar „stálristum“ í frárennsli til varnar því að seiði sleppi, er ekki hægt að útiloka að óhöpp geti átt sér stað þannig að seiði sleppi t.d. við dælingu seiða í brunnbát eða tankbíla sbr. reynslu Norðmanna í því efni (Umsögn Fiskistofu 23. maí 2017 um seiðaeildi á Árskógsströnd). Einnig er alkunna að þrátt fyrir búnað á frárennsli og góð fyrirheit er sú hættu fyrir hendi að lifandi fiskar „leki“ frá eldisstöðvum (Umsögn Hafrannsóknastofnunar 15. maí 2017 um seiðaeildi á Árskógsströnd). Þá vísast til umsagnar Hafrannsóknastofnunar frá 14. nóvember 2016, þar sem segir: „Mesta áhættan við verkefnið verður flutningur seiða frá eldisstöð í brunnbát því þar skapast möguleikar á að seiði sleppi út í sjó sem síðar getur valdið skaða hjá fiski í ám ekki síst Botnsá.“

#### 6. Gífurlegt magn úrgangs.

Lítið er fjallað með raunhæfum hætti í tillögu að starfsleyfinu um gífurlegt magn úrgangs. Samkvæmt norskum heimildum (Statens Forurensningstilsyn 2009) er úrgangur í sjó frá 1.000 tonna eldi áætlaður eins og skulþfrárennsli frá 16.000 manna byggð. Vísað er einnig til ummæla Skipulagsstofnunar dags. 9. desember 2016 um áform um hreinsibúnað til að minnka úrgang til sjávar og til að draga úr hættu á að seiði sleppi til sjávar. Þar segir: „Slíkur búnaður er líklegur til að draga umtalsvert úr hættu á að seiði sleppi til sjávar, miðað við núverandi fyrirkomulag eldisins.“ Hér er vafi staðfestur um virkni og árangur fyrirhugaðs hreinsibúnaðar, og þar á náttúran að njóta vafans skv. 9. grein náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Heimil losun fosfórs í hafið er nefnd í lið 3.4. í starfsleyfistillögunni sem 9 kg fyrir hvert framleitt tonn, sem reyndar er aðeins tæplega helmingur þess magns sem yfirleitt er talið koma frá laxeldi. Ef þessi takmörkun með 9 kg hámarkslosun fosfórs gildir, er starfsemin þegar af þeirri ástæðu óheimil.

#### 7. Eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með því að náttúru Íslands sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með sérstökum lögum, skv. a-lið 2. mgr. 75. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sbr. einnig rannsóknarreglu í 10. gr. stjórnsýslulaga. Stofnunin hefur því eftirlit með að ekki sé brotið gegn 1. gr. náttúruverndarlaga, 2. gr. þeirra, hinni mikilvægu varúðarreglu sem kemur fram í 9. gr., sem og ákvæði 63. gr. laganna um innflutning og dreifingu á lifandi framandi lífverum.

Umhverfisstofnun ber við leyfaútgáfu ekki aðeins að skoða mengunarþátt sjókvíaeldis í skilningi laga um hollustuhætti og mengunarvernd nr. 7/1998, heldur ber henni að rannsaka og meta sjálfstætt öll áhrif framkvæmdar á náttúruna. Kærendur byggja á því, að það hafi Umhverfisstofnun ekki gert.

#### 8. Marksmiðsákvæði 1. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 og túlkun þess.

Í nefndri lagagrein segir m.a.: „að tryggja skuli verndun villtra nytjastofna og koma skuli í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.“ Síðan segir í 2. mgr.: „Við framkvæmd laga þessara skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.“

Í athugasemdum við þessa grein í greinargerð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 71/2008 segir svo: „Á hinn bóginn er það skýrt og endurspeglast að sínu leyti í markmiðsyfirlýsingu 2. mgr. og fleiri greinum frumvarpsins að vöxtur og viðgangur atvinnugreinarinnar [fiskeldis] má ekki gerast á kostnað viðgangs og nýtingar villtra

fiskstofna. Í þessari takmörkun felst í raun að þegar ekki fara saman annars vegar hagsmunir þeirra sem veiðirétt eiga samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar þeirra sem fjallað er sérstaklega um í frumvarpi þessu vikja hinir síðarnefndu“. (undirstrikað hér). Aðilar þessara athugasemda byggja á því, að leyfisveitandinn hafi ekki litið til þessara lagaákvæða né sýnt fram á hvernig framkvæmdin samrýmist ákvæði 1. gr. laga nr. 71/2008 og það sé afgerandi ágalli á fyrirliggjandi tillögu að starfsleyfi.

#### 9. Eignarréttindi annarra.

Í málsmeðferð Umhverfisstofnunar hefur lögvernduðum eignarréttindum annarra, nær og fjær, í engu verið sinnt, enda þótt fyrir liggja, einkum frá Noregi, upplýsingar um víðtæka skaðsemi af starfsemi sem hér um ræðir.

Umhverfisstofnun skautar með öllu framhjá þessum sjónarmiðum við afgreiðslu tillögu að starfsleyfinu. Þá lætur Umhverfisstofnun undir höfuð leggja að rannsaka sérstaklega og leggja mat á hættuna á umhverfistjóni.

Alþekkt er að aðeins örfáir eldisfiskar af framandi tegund, sem veiðast í lax- eða silungsveiðiá, eyðileggja samstundis ímynd og orðspor hreinnar og ómengaðrar náttúru og þar með eignarréttindi annarra.

Reynslan bæði hér á landi, í Noregi og víðar sýnir að eldisfiskur sleppur ávallt bæði úr land- og sjóeldi og ferðast síðan langar leiðir í hafinu áður en hann gengur upp í veiðiár. Í Noregi hafa rannsóknir sýnt, að stroklaxar fara allt að 2000 km frá eldisstöð. Lúsalirfur geta borist allt að 200 km og smit og veirur allt að 100 km frá eldisstöð. Um farleiðir stroklaxa vísast einnig til áhættumatsskýrslu

Hafrannsóknastofnunar frá 14. júlí 2017 og skýrslu sömu stofnunar um erfðablöndun eldislaxa af norskum uppruna við íslenska laxastofna frá 25. ágúst 2017. Þar er staðfest, að allar veiðiár landsins eru í erfðablöndunarhættu frá laxeldi með norskum eldislaxi, hvar sem það er staðsett.

#### 10. Nokkrir viðbótarannmarkar á starfsleyfi:

Reglugerð nr. 798/1999, sem vísað er til hefur verið numin úr gildi.

Ekkert er fjallað um strokfisk vegna óhappa eða „leka“ né hættu af erfðamengun strokfiska, t.d. ef frárennsli stíflast eða við flutning eða dælingu seiða í brunnbát eða tankbíla.

Ekkert er fjallað um náttúruvá svo sem jarðskjálfta.


EKKI er með fullnægjandi hætti gerð grein fyrir, hvernig flytja á seiði úr eldisstöðinni í brunnbát.

Ekkert kemur fram í tillögunni um að leyfisveitandi hafi sinnt þeim tilmælum Skipulagsstofnunar í ákvörðun um matsskyldu (bls. 5), að leyfi til reksturs seiðastöðvarinnar verði ekki gefið út fyrr en sýnt hefur verið fram á virkni hreinsibúnaðar og að fyrir liggja áætlun um reglubundna vöktun búnaðarins m.t.t. frárennslis og hættu á slysasleppingum.

Hvergi er finnanlegt fylgiskjal I. sem um er getið í tillögu að starfsleyfinu.

Ítrekuð er krafa um að hafnað verði tillögu að starfsleyfi á grundvelli ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,  
f.h. aðila ofangreindra athugasemda

  
Óttar Yngvason